



Nefndarsvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík 12. febrúar 2007

### **Umsögn Landverndar um frumvarp til laga um Vatnajökulsþjóðgarð.**

Frumvarp þetta er gert til góðra mála og er í mörgum greinum mjög vandlega unnið og skynuglega fram sett. Lengi má þó gott bæta og hér að neðan eru athugasemdir þar um. Ábendingarnar varða fyrst og fremst viss grundvallaratriði, einkum í I. kafla frumvarpsins, en einnig ýmis atriði um framkvæmd laganna. Með lagfæringum í samræmi við þær athugasemdir verður að telja, að frumvarp þetta muni horfa mjög til framfara.

Frumvarpið einkennist af framsali valds til ráðherra sem á, skv. frumvarpinu, að fjalla um fjölmörg atriði sem fremur ættu að vera á verksviði Alþingis. Gildissvið þessara tilvonandi laga hefur ekki verið skilgreint í frumvarpinu enda er hér ekki verið að stofna þjóðgarð heldur veita umhverfisráðherra heimild til friðlýsingar.

Nái frumvarpið óbreytt fram að ganga yrði stjórnsýsla þjóðgarðsins afar þung í vöfum. Umfangsmikil nefndarstörf þar sem vægi sveitarfélaga yrði of mikið setur svip sinn á frumvarpið umfram það sem venja er við stofnun þjóðgarða. Hér er um þjóðgarð en ekki héraðsgarða að ræða og umsýsla þjóðgarði á að sjálfsögðu að vera á forræði ríkisstjórnar í ríkari mæli en hér er gert ráð fyrir í frumvarpinu.

Í 19. grein er frjálsum félagasamtökum veitt aðildarheimild að stjórnsýslukærum. Almenningsi er, að því er virðist, ekki heimilt að kæra innan stjórnsýslunnar. Þetta er ankannalegt þar sem skýrt kemur fram í markmiðum frumvarpsins að málefni verðandi þjóðgarðs varða almenning, „*Markmiðið [...] og gefa almenningi kost á að kynnast og njóta náttúru þess og sögu. Auðvelda skal almenningi aðgengi að þjóðgarðinum eftir því sem unnt er [...]*“ Landvernd beinir því til stjórnvalda að endurskoða þessa afstöðu og hafa heimildir almennings og frjálsra félagasamtaka í samræmi við það sem gert er ráð fyrir í Árórsamningnum sem íslensk stjórnvöld undirgengust 1998 en hafa enn ekki fullgilt. Á það jafnt við um kærurétt innan stjórnsýslunnar sem og aðra aðkomu og kærurétt á dómstigi.

Í greinargerðarhluta þessarar umsagnar er gerð nánari grein og færð frekari rök fyrir athugasemdum Landverndar.

Með vinsemd og virðingu,

---

Bergur Sigurðsson,  
framkvæmdastjóri Landverndar

## Umsögn Landverndar um frumvarp til laga um Vatnajökulsþjóðgarð. Greinargerð.

### 1. Almennar athugasemdir:

- 1) Gert er ráð fyrir að undanskilja með lögum þessum þjóðgarð þennan ákvæðum náttúruverndarlaga 44/1999 um umsýslu þá, sem Umhverfisstofnun (UST) er ætlað að hafa með þjóðgörðum. Það gildir bæði um stjórn þjóðgarðsins og rekstur, en einnig um atriði eins og efnistöku (heimilun og eftirlit). Álitamál er, hvort UST eigi að standa í rekstri á þjóðgörðum og friðlöndum, þar eð það getur rekist á við almennt og gjörvallt eftirlitshlutverk hennar í umhverfis- og verndunarmálum. Litið til vaxandi fjöld þjóðgarða gæti verið æskilegt að **setja sérstök lög um þjóðgarða**, þar sem miðað yrði við samræmda skipan stjórnunar og reksturs en um leið sjálfstæði hvers og eins þjóðgarðs, sameiginlegan vettvang þeirra og yfirstjórn og samvinnu og samskipti við UST og aðrar stofnanir.
- 2) Markmið þjóðgarðsins eru fyrst sett fram í 2. gr. frv. og þá í formi sagnorða, þ.e. aðgerða. Fleira er baukslegt í I. kafla frv. og þarf að endursemjja og endurraða honum öllum. Vel má vera, að **taka þyrfti sérstaklega saman almenn markmið með þjóðgörðum**, sem leiðbeiningu fyrir stjórnvöld og landslýð, en meginmarkmiðin eru þjóðgörðum öllum sameiginleg. Áherslumunur getur verið á verndun og kynningu náttúruminja og menningarminja, svo og í heimiluðu aðgengi, en það er bitamunur en ekki fjár.
- 3) Stjórnsýsla þjóðgarðsins er samflækt og sveitarstjórnun raunar ætlað úrslitavald. Reynslan sýnir því miður, að þeim hættir alltof oft til að láta stjórnast af skammtímasjónarmiðum og hag sveitarsjóða. Þjóð-garðar eru hins vegar stofnaðir vegna **landsvíðra, eða jafnvel heimsvíðra, hagsmuna** og því óeðlilegt að fela valdið fulltrúum þröngra og skammsýnna hagsmuna. Gert er ráð fyrir (fjórum) svæðisráðum í þjóðgarðinum með 5 manna stjórn, þar sem fulltrúar sveitarstjórna skipi 3 menn, þ.e. meirihluta, afl atkvæða ráði og ráðið kjósi sér sjálft formann. Ráð þetta á að vísu að vera fyrst og fremst ráðgefandi, en hvert þeirra tilnefni einnig 1 fulltrúa í 7 manna stjórn þjóðgarðsins, það er að segja, meiri hluta hennar samanlagt. Þessi stjórn er ákvarðandi stjórn. Lagt er til, að umhverfissamtök tilnefni 1 fulltrúa í svæðisráð og staðbundin ferðamálasamtök 1, en landsvíðum hagsmunum er að öðru leyti ekki ætlaður aðgangur að starfi svæðisráðanna. *Hér þarf svo að breyta, að sveitarfélög tilnefni aðeins 2 fulltrúa, þ.e. minni hluta, en stjórnvöld (umhverfisráðherra) 1, svo að landsvíðra hagsmuna sé gætt af opinberri hálfu í svæðisráðunum.* **Hér er nefnilega um þjóð-garða en ekki héraðs-garða að ræða.** Eftir sem áður væru sveitarfélögin með það öfluga aðild að svæðisráðum, og þar með að stjórn þjóðgarðsins um leið, að eðlilegir og réttmætir hagsmunir þeirra ættu ekki að verða fyrir borð bornir.

- 4) *Mörk þjóðgarðsins eru ekki ákveðin í frumvarpi þessu. Ætlunin er að afmarka hann í reglugerð, sem ráðherra eigi að setja. Þetta er rökleysa og líklega lögleysa. Þjóðgarðurinn er svæði, þar sem ákvæði frv. eiga að gilda og því nauðsyn að afmarka það svæði í lögnum sjálfum.* Það er tæpast löglegt að fela framkvæmdarvaldinu (ráðherra) að afmarka eftir á gildissvið laga, sem Alþingi setur, nema þá innan skýrs ramma, sem Alþingi hefur sett. Hann er ekki að finna í frv. þessu. Borið er við, að óljóst sé um samninga við landeigendur um lagningu lands undir þjóðgarðinn og óvissa sé um ákvarðanir, hvort lönd séu eignarlönd eða þjóðlendur. Nú er í frv. fjallað um samninga við landeigendur og hvernig þeir skuli fram fara. Eignarlönd ríkisins og þjóðlendur falla vandkvæðalaust undir þjóðgarðinn, eftir því sem við á. Því er í frv. gert ráð fyrir, hvernig einstök vandamál skuli leyst. Hægt er að gera fyrirvara um þær lausnir mála í frv., og þar af leiðandi er hægt að **draga þau mörk þjóðgarðsins, sem stefnt skal að í frv. sjálfu, með þessum fyrirvörum.** Svipaða fyrirvara er reyndar að finna í frv. Með þessu móti lægu fyrir ákvæði um gildissvið laganna í frv. og ráðherra heimilað að semja um innlimun landa í þjóðgarðinn, allt að þeim mörkum.

Fleira mætti til tína, en sérstaklega skal ítrekað, að þörf er á að taka vendilega saman af opinberri hálfu **almenn markmið með þjóðgörðum** og líta þá til háttanna annarra þjóða í þeim efnum. Á þeim grundvelli gæti svo verið ráðlegt að setja **sérstök lög um þjóðgarða, þar sem fjallað yrði um, hvernig þjóðgörðum er ætlað að ná settum markmiðum við hérlandar aðstæður.** Fleiri “jökla-þjóðgarðar” gætu verið í sjónmáli, t.d. Hofsjökulþjóðgarður (með Þjórsárverum og Kerlingarfjöllum o.fl.) og Langjökulþjóðgarður (með fjallakransi jökulsins, Hvítárnesi, Eiríksjökli o.fl.), svo og aðrir þjóðgarðar, sem ekki byggja á jöklum sem miðju, t.d. Fjallabaks-þjóðgarður.

## 2. Endurritaður I. kafli.

Upphafskafla frv. þarf að endurraða og endursemja að miklu leyti. Þar þarf röðun greina að vera sem hér segir:

1. Markmið.
2. Gildissvið, þar með talin mörk þjóðgarðssvæðis.
3. Eignarhald.
4. Friðlýsing og verndarstig.

Um 1. gr. (Markmið): *Lög eru alltaf samin til einhverra tiltekinna hluta.* Því hafa þau alltaf eitthvert markmið, sem þeim er ætlað að ná eða a.m.k. að stefna að. **Þetta markmið er samkvæmt orðsins hljóðan einhver tiltekin staða eða tiltekið ástand, sem stefnt er að að ná, og er því þess vegna ávallt lýst með nafnorði.** Mikill misbrestur er á þessu í gildandi lögum og framlögðum frumvörpum. Þau eru því í raun mörg markmiðslaus og jafnvel meiningarlaus. Það er t.d. ekkert markmið að stuðla að einhverju (það getur hins vegar verið tilgangurinn með lögnum), heldur er markmiðið sú staða, sem stefnt er að með því að stuðla að þessu einhverju, hvort og hvenær sem það næst. Markmiðið er því forsenda aðgerða þeirra og skipanar, sem lögin gera ráð fyrir, til þess að ná þessu setta markmiði. **Markmiðssetning er því rökfræðilega ávallt fyrsta grein laga** hverra. Laga þarf texta frv. til samræmis við þetta viðmið.

Um 2. gr. (Gildissvið): Sérhver lög gilda um eða fyrir tiltekin atriði, tilteknar persónur og tiltekin svæði, eftir því sem við á. Fyrirliggjandi frv. á að gilda um atriði eins og friðlýsingar, náttúru- og þjónustuvernd, hóflegt aðgengi almennings, upplýsingu og fræðslu á því svæði, sem þjóðgarðurinn nær til. **Þjóðgarðssvæðið er því landfræðilega afmarkandi fyrir gildissvið laganna og þarf því að gera grein fyrir mörkum þess í þessarri grein, með þeim fyrirvörum, sem gera þarf vegna eignarhalds.** Lög gilda ávallt um einhverjar athafnir eða aðgerðir manna, því að ekki er hægt að setja lög um náttúruna. Frv. þessu er þó ekki ætlað að gilda um allar athafnir manna innan þjóðgarðsins, heldur **einungis um tilteknar aðgerðir vegna markmiða laganna og þá skipan, manna á milli, sem ætluð er til að koma þeim á viðeigandi hátt í framkvæmd.** Þessi atriði skulu því tilgreind í þessarri grein.

Um 3.gr. (Eignarhald): Tiltekinn umráðaréttur fylgir eignarhaldi á landi og er því stjórnvöldum ekki frjálst að ráðstafa landi í einkaeign að vild sinni, t.d. að leggja það til þjóðgarðs. Stjórnvöld geta tekið lönd eignarnámi, ef nógu miklir almannahagsmunir liggja við. Markmið með stofnun þjóðgarða eru þess eðlis, að tæplega er þörf á eignarnámi stórra svæða þeirra vegna. Önnur lög um náttúruvernd tryggja viss markmið þjóðgarða og þarf því að öðru jöfnu ekki að grípa til slíkra aðgerða til að ná umræddum markmiðum. Þess í stað er **gert ráð fyrir að leita samninga við landeigendur um innlimun landa í þeirra eigu í þjóðgarðinn.** Sú innlimun getur verið skilyrt, þannig að landeiganda séu tryggðar vissar landsnyttjar, visst verndarstig gildi á þeim löndum o.s.frv. Fyrirvara þarf að gera í lögnum um niðurstöðu svona samninga. Minnt skal á, að samningsrétturinn er undirstaða réttarríkisins. Óvissa um eignarrétt, þar á meðal um þjóðlendur, getur valdið óvissu um það, hvort lönd tilheyri þjóðgarðinum eða ekki. Viðeigandi fyrirvara þarf því að gera í lögnum. Reyndar geta kröfuhafar til slíkra landa, þar með talin stjórnvöld, í sjálfu sér gert “heiðursmanna-samkomulag” sín á milli, að tiltekin lönd skuli með þessum eða hinum skilyrðum lögð til þjóðgarða, óháð því, hver verður talinn réttur eigandi og umráðamaður að lokum. *Þessi grein er í raun til uppfyllingar og útskýringar á fyrirvörum þeim, sem gerðir eru um gildissvið marka þjóðgarðsins, þ.e. til hvaða svæðis hann nær.*

Um 4.gr. (Friðlýsing og verndarstig): *Friðlýsing þjóðgarðsins er aðgerð, til að koma á þeirri vernd, sem að er stefnt, en henni er lýst með ákvörðun mismunandi verndarstiga á tilteknum svæðum.* Form friðlýsingar og verndarstigs er að öðru jöfnu samningsatriði á löndum í einkaeign, sem innlimuð eru í þjóðgarðinn (sjá 3. gr.), en getur verið framkvæmdarákvörðun af hálfu ríkisins á þeim löndum, sem undir það heyra (ríkisjarðir, þjóðlendur o.fl.). **Slíkar ákvarðanir verður þó að taka og tilkynna með lögformlegum hætti, þar eð þær geta varðað rétt almennings á þeim löndum, sem um ræðir.** Með friðlýsingum og flokkun svæða á verndarstig er í raun búið að skapa þann ramma, sem stjórn og rekstur þjóðgröðsins skal vera innan og þann rétt, sem almenningur hefur til aðgengis að svæði þjóðgarðsins.

Litið til þessarar útskýringa gæti texti þessa upphafskafla verið svipaður því sem hér fylgir á eftir:

*1. gr. Markmið:*

Markmið með Vatnajökulsþjóðgarði eru verndun landslags, lífríkis, jarðminja, annars náttúrufars, menningarminja, sögu- og sagnaminja á svæði þjóðgarðsins; hóflegur og sjálfbær aðgangur almennings að svæðum þjóðgarðsins, eftir því sem við á hverju sinni, og án þess að spilla náttúru hans, landslagi og minjum; kynning, upplýsing og fræðsla um náttúrufar, sögu og mannlíf á svæðinu.

*2. gr. Gildissvið:*

Lög þessi gilda um friðlýsingu, stjórnun og rekstur Vatnajökulsþjóðgarðs og verndun landslags, náttúrufars og menningarminja innan marka þjóðgarðsins, um þau sjá Viðauka XZ, með fyrirvara um niðurstöður samninga við eigendur einkaeignarlanda innan svæðisins og úrskurði þjóðlendumála á svæðinu.

*3. gr. Eignarhald:*

Landssvæði í Vatnajökulsþjóðgarði geta verið í eigu íslenska ríkisins, eða í eigu annarra aðila, enda liggi fyrir samþykki viðkomandi eigenda lands, að það verði hluti Vatnajökulsþjóðgarðs og friðlýst með tilteknum hætti. Gerður skal samningur milli umhverfissráðherra og landeiganda um slíka friðlýsingu, þar sem meðal annars komi fram, hvaða landnýting önnur er heimil á því landi.

*4. gr. Friðlýsing:*

Umhverfissráðherra getur (skal ? fyrir tiltekinn tíma ?) friðlýst Vatnajökul, áhrifasvæði hans og náttúrufarslega og landslagslega tilheyrandi svæði.

Umhverfissráðherra setur reglugerð um Vatnajökulsþjóðgarð, stjórn hans og rekstur, verndarstig mismunandi svæða og um aðgengi almennings að þjóðgarðinum og önnur atriði, sem hann varða, samkvæmt lögum þessum.

Friðlýsing Vatnajökulsþjóðgarðs tekur gildi við setningu framangreindrar reglugerðar.

Verndarstig einstakra svæða eða landslagsheilda innan Vatnajökulsþjóðgarðs skal taka mið af markmiðum þjóðgarðsins og annarri landnýtingu á viðkomandi svæði í samræmi við alþjóðlegar viðmiðanir um þjóðgarða og friðlýst svæði og við samninga við aðra landeigendur um friðlýsingu og aðra landnýtingu svæða í þeirra eign innan þjóðgarðsins.

Afdrif einstakra greina og málsgreina í texta frv. yrðu í grófum dráttum, sem hér segir:

1. gr.
1. mgr. (Friðlýsing, reglugerð): Flyst í 4.gr.
2. mgr. (Eignarhald): Flyst í 3. gr.
3. mgr. (Gildissvið): Flyst í 2. gr. og umorðast.
2. gr.
1. mgr. (Markmið): Flyst í 1. gr. og umorðast.
2. mgr. (Verndarstig): Flyst í 4. gr.
3. gr.

1. mgr. (Friðlýsing einkalands): Umorðast.
2. mgr. (Fundir með landeigendum): Flyst í 8. gr. og verður 5. töluliður.

Markmið og gildissvið eru stundum tekin saman í eina grein, þó í þessarri röð, og mætti svo gera hér svo líka. Greinar í upphafskaflanum yrðu þá þrjár og númer síðari greina þyrftu ekki að raskast:

1. gr. Markmið og gildissvið.
2. gr. Eignarhald (og friðlýsing).
3. gr. Friðlýsing og verndarsvið.

Íhuga þarf, hvort efni 2. gr. eða 3. gr. skv. þessu ætti fyrir að koma í textanum.

#### 4. Athugasemdir við aðrar, einstakar greinar.

*Um stjórn Vatnajökulspjóðgarðs er fjallað í II. kafla, sem er 4. – 11. gr. Rétt væri vegna röksamhengis að víxla 5. gr (Ákvarðanataka...) og 6. gr. (Hlutverk...), því að eðlilegt er, að ákvæði um hlutverk, og þar með starfa, stjórnaraðila þjóðgarðsins komi á undan ákvæðum um ákvarðanatöku um þær aðgerðir, sem byggja á hlutverkunum.*

Sú breytingartillaga er lögð fram um skipan í svæðisráð, að **sveitarfélög tilnefni 2 fulltrúa og ráðherra 1 fulltrúa**, í stað þess að sveitarfélögin tilnefni 3 fulltrúa. Þessi tillaga kemur fram í almennum athugasemdum, hér að framan, og er þar líka rökstudd. Rétt er að geta þess, að í athugasemdum með frv. kemur fram, að talan 3 fyrir fulltrúa sveitarfélaga sé hentug, þar eð á nokkrum rekstrarsvæðum muni 3 sveitarfélög eiga aðild og geti þá hvert þeirra tilnefnt einn og eigin fulltrúa. Þetta virðist vera vanhugsað, því að rekstrarsvæðið er grunneiningin í þessu sambandi, en ekki sveitarfélögin. Það er af því góða, að þau verði að koma sér fyrir fram saman um sameiginlega stefnu, og sameiginlega fulltrúa hvað rekstrarsvæðið varðar.

Lagt er ennfremur til, að ákvæði um fundi svæðisráða og stjórnar með landeigendum, sem er 2. mgr., 3.gr. í frv., verði 5. töluliður í 8. gr.

Þá er lagt til, að þjóðgarðsverðir skuli ráðnir “...að fenginni tillögu svæðisráðs...” en ekki “...samkvæmt tillögu svæðisráðs...” Með því ákvæði væru hendur stjórnar bundnar og í rauninni væru það þá svæðisráðin, sem réðu þjóðgarðsvörð. Það er á móti þeirri grundvallarforsendu, að þjóðgarðurinn er **þjóð**-garður og ein eining sem slíkur, en ekki samsafn rekstrarsvæða.

*Um verndaráætlun Vatnajökulspjóðgarðs er fjallað í III. kafla, sem er 12. – 13. gr. Gerð er athugasemd við 2. mgr., 13. gr., að einungis stjórn þjóðgarðsins skuli kveða á um mannvirki, efnistöku o.fl. þ.h., og eftirlit með þeim vefrði alfarið í gegnum þjóðgarðsvörð, Umhverfisstofnun kemur yfirleitt að þessum málum skv. l. 44/1999. Hér þyrfti a.m.k. að gera ráð fyrir samráði við UST.*

*Um almennar meginreglur er fjallað í IV. kafla, sem er 14. – 15. gr. Sú athugasemd er gerð við 4. mgr. 15. gr., að heimildir til utanvegaaksturs skuli ná til opinberra rannsókna almennt, en ekki bara til rannsókna vegna þjóðgarðsins. Það skuli þá gert í samráði við þjóðgarðsvörð.*

*Um þjónustu í Vatnajökulspjóðgarði er fjallað í V. kafla, sem er 16. – 17. gr. Lagt er til í fegurðarskyni og vegna reglusemi, að í 16. gr. verði upptöldum*



*meginstarfsstöðvum raðað í landfræðilegri boðleið kringum landið (Mývatnssveit fyrst o.s.frv.).*

*Um eftirlit í Vatnajökulsþjóðgarði er fjallað í VI. (ekki VII.) kafla, sem er 18. – 19. gr. Ekki eru gerðar hér athugasemdir við þann kafla.*

*Um ýmis ákvæði er fjallað í VII. (ekki VIII.) kafla, sem er 20. - 24. gr. Lagt er til, að í 2. mgr., 20. gr., varðandi kynningu á drögum að reglugerð, að þau verði líka kynnt (til athugasemdagerðar) fyrir umhverfissamtökum, eins og þau eru skilgreind í frv.*

#### 5. Um viðauka XZ, svæði og mörk Vatnajökulsþjóðgarðs.

Tilgreina má mörk þjóðgarðsins með ýmsu móti:

- Tilgreina má landfræðileg hnit á hornpunktum markanna.
- Tilgreina má landfræðileg mörk eins og vatnaskil, vatnsföll, sjónhendingar milli staða (þeir hnitsettir), stjórnsýsluleg mörk og eignarleg mörk, t.d. þjóðlendumörk.
- Tilgreina má svæði þau, sem þjóðgarðinum skuli, eða eigi, að tilheyra, og þau þá svo skilgreind, sem þörf er á.

Fleiri aðferðir koma til greina. Hér er farin sú einfalda leið, að telja upp svæði og þá ekki alltaf með mjög nákvæmri skilgreiningu, enda ber að líta á þessa upptalningu sem lauslegar hugmyndir af hugsanlegum afmörkunum þjóðgarðsins.

- *Vatnajökull allur og Öræfajökull* (sem er sjálfstæður jökull í raun).
- *Tungnafellsjökull og umhverfi - Vonarskarð*. Jökullinn er að vísu sjálfstæður og laus frá Vatnajökli, en milli þeirra er Vonarskarð. Það verður frá hvorugum jöklinum skilið að landslagi og náttúrufari og er því eðlilegt, að Vatnajökulsþjóðgarður nái til þess og Tungnafellsjökuls með. Jaðarlönd jökulsins verða að fylgja honum, svo sem Nýidalur, Tómasarhagi og Jökultungur, þær jafnvel allt niður að Syðra-Fljótsgili að Skjálfandafljóti.
- *Vatnasvið Skjálfandafljóts, hið efra*. Skjálfandafljót fellur úr Vonarskarði og er Vatnajökull grúfandi yfir því niður að Syðra-Fljótsgili eða jafnvel niður að Ytra-Fljótsgili undir Fljótshnjúki.
- *Grjót og Flæður*. Grjót heita hálendin ofan brúna Króksdals að Skjálfandafljóti og suður undir hraun. Þar undan hraununum og í hraunjöðrunum eru flæðuvinnar, eins og Surtluflæða, Jökuldælingadrag og Efri-Botnar, en Laufrönd er utar. Vatnajökull blasir við hvarvetna á þessu svæði en lindavötn þar eru frá honum ættuð að miklu leyti.
- *Ódáðahraun*. Ósammæli mun vera manna á meðal, hver séu mörk Ódáðahrauns, en hér eru til þess taldar hraunbreiðurnar beggja vegna fjallabálksins mikla, sem gengur norður frá Vatnajökli og út undir Mývatnssveit. Eru í honum m.a. Trölladyngja, Dyngjufjöll og Herðubreið, en hann nær norður í Sellandafjall, Bláfjall og Búrfell. Fjallabálkur þessi er hér talinn til Ódáðahrauns. Það svæði myndar eina órofa heild samkvæmt þessarri skilgreiningu og ætti því allt að leggjast til þjóðgarðsins. Suðurárbotnar og Krákárbotnar (a.m.k. eystri hlutinn) tilheyra þessu svæði.

- *Vatnasvið Jökulsár á Fjöllum.* Vatnasvið þetta er hér undanbragðalaust talið eiga að tilheyra þjóðgröðinum, en hér verður þó að hafa fyrirvara, t.d. vegna þeirra hluta vatnasviðsins, sem eru í byggð (Kelduhverfi, Öxarfjörður) og vegna munar á grunnvatnsskilum árinna og yfirborðsvatnaskilum. Svæði þessi frá Tungnafellsjökli, og hugsanlega með honum, a.m.k. að hluta til, munu væntanlega falla undir rekstrarsvæði Mývatnssveitar – Ásbyrgis.
- *Brúaröræfi.* Skilgreining þeirra er nokkuð á reiki, en hér þó aðallega um að ræða óbyggðir milli Jökulsár á Fjöllum og Jökulsá á Dal, austan vatnaskila þeirra. Brúaröræfi / Brúardalir sem slík munu ná vestur að Jökulsá á Fjöllum og norður í Arnardal.
- *Jökuldalsheiði.* Þetta svæði er ekki beinlínis tengt Vatnajökli, en mannlíf þar og búseta á 19. – 20. öld var á vissan hátt tengt óbyggðunum nær jöklinum. Álitamál má vera, hversu langt út á heiðina þjóðgarðurinn ætti að teygja sig, ef til þess kæmi.
- Austan Brúaröræfa verða skil í svæðunum næst jökli, því að þar nær athafna- og mannvirkjasvæði Kárahnjúkavirkjunar allt inn til jökuls í Hálslóni og ofan undir byggð að norðan og klýfur þar með þessi svæði.
- *Vesturöræfi – Fljótsdalsheiði.* Svæðin eru samtengd og reyndar er viss samfella í landslagi og náttúrufari á hálendinu milli Jökuldals og Fljótsdalshéraðs, allt út á Heiðarsporð. Álitamál má vera, hversu langt út á heiðarnar þjóðgarðurinn ætti að teygja sig, t.d. út að Fellnaheiði.
- *Snæfell og umhverfi – Eyjabakkar.* Þetta svæði tilheyrir hvorki skilgreindum svæðum né afmörkuðum vatnasviðum, en skoðast hér sem svæðið umhverfis Snæfell, með fellinu sjálfu; Eyjabakkalón og umhverfi þess. Virkjunarmannvirki reu rétt neðan lónsins í farvegi Jökulsár í Fljótsdal.
- *Múli og Hraun (Sviðinhornahraun, Múlahraun).* Mörk milli þessa svæðis og þess næsta (Lónsöræfi) eru væntanlega eðlilegust á vatnaskilum en vera má að þau séu lögð annars staðar að venju heimamanna beggja vegna. Þær venjur gætu reyndar verið nokkuð sundurleitar. Svæði þessi frá og með Brúaröræfum (Brúardölum hinum eystri) falla væntanlega undir rekstrarsvæði Skriðuklausturs.
- *Lónsöræfi.* Álitamál eru um mörk þessa svæðis, ekki síst gagnvart Lambatungum í suðri, sem gætu allt eins átt að tilheyra Lónsöræfum.
- *Þjóðlendur og jökuljaðrar í Hornafirði og Suðursveit.* Svæði þessi liggja að Vatnajökli. Vel má vera, að mörkin ættu að liggja utar og leita skyldi samninga við landeigendur um þau svæði. Landslagssamfella og náttúrfarslegt samhengi mæla með slíkum stærrri svæðum.
- *Skaftafell og Skaftafellsþjóðgarður.* Gert er ráð fyrir því í frv., að Skaftafellsþjóðgarður verði innlimaður í Vatnajökulsþjóðgarð. Svæði þessi frá og með Lónsöræfum falla væntanlega undir rekstrarsvæði Skaftafells – Hornafjarðar.
- *Eystra-Fjall, Björninn og land inn til jökuls.* Vel má vera að taka ætti Lómagnúp - Núpsstaðaskóga líka inn í þjóðgarðinn.
- *Hálendi ofan Fljótshverfis og Síðu.* Mikið álitamál er, hversu langt út á heiðarnar þjóðgarðurinn ætti að teygja sig. Einn kostur væri að miða við línu úr Birninum – Hnútu – Miklafell – Blæng, en þá væri komið að svæði Lakagíga. Annar kostur væri að miða við nær allt land að fjallabaki, þannig á Síðunni út á Kaldbak – Geirlandshraun – Skaftá um eða neðan Leiðólfsfells.



- *Lakagígar og umhverfi.* Þarna er nú þegar friðland.
- *Skaftá og umhverfi hennar.* Álitamál er, hversu langt skyldi teygja þjóðgarðinn. Miðað við friðland Lakagíga væri svæði niður undir Skælinga eðlilegt, en miðað við að land að fjallabaki á Síðunni yrði lagt til þjóðgarðs, þá væru mörk við Syðri-Ófæru eðlileg, þar sem hún fellur í Skaftá. Svo kæmi trúlega allt þarna á milli til greina. Sú skoðun er til að stífla ætti Skaftá uppi í svokölluðum “Norðursjó” við enda Fögrufjalla og veita vesturkvísl árinna um jarðgöng til Tungnaár til að vernda farveg Skaftár, bakkalönd hennar og Eldhraunið með lindum sínum í byggð fyrir skemmdum af völdum Skaftárhlaupa. Norðursjór tæki grófasta gruggið og jafnaði rennslið, en fínna grugg yrði þynnt í Tungnaá.
- *Langisjór og umhverfi.* Álitamál er, hversu langt þjóðgarðurinn ætti að teygjast. Miðað við friðland Lakgíga væri eðlileg mörk niður að vatnaskilum til Nyrðri-Ófæru og Faxakvíslar, en neðar kæmu til greina m.a. vatnaskil milli Nyrðri- og Syðri-Ófæru og milli Syðri-Ófæru og Tungufljóts. Svæðið milli Skeiðarársands og Tungnaár fellur væntanlega undir rekstrarsvæði Kirkjubæjarklausturs.
- *Jökulheimar – Veiðivötn.* Hér enn til álita, hversu langt þjóðgarðurinn skyldi teygjast. Kostur væri niður að Svartakambi og í Gjáfjöll en annar kostur að taka með Veiðivötn, Vatnaöldur og Gjáfjöll með Heljargjá og upptakasvæði Tungnaárhraunanna miklu.
- *Gjáfjöll – Köldukvíslarbotnar – Vonarskarð.* Enn er álitamál um teygingu þjóðgarðs og þá væntanlega, hvort draga skyldi mörk innan (ofan) Hágöngulóns og þaðan væntanlega í Vonarskarðsmynni og í Tungnafellsjökul, eða utan (neðan) landsins og þá væntanlega nærri því um Hágangana og neðan Nýjadals, eða jafnvel um eða utan fellanna við Sprengisandsleið (Sauðafell til Skrokköldu) og þaðan vestan um Tungnafellsjökul.
- *Tungnafellsjökull og umhverfi.* Hér er komið hringinn og á meginvatnaskil milli Suður- og Norðurlands. Svæðið frá Tungnaá og á meginvatnaskil fellur væntanlega undir rekstrarsvæði Hrauneyja eða öllu heldur Kirkjubæjarklausturs – Hrauneyja.

Margvísleg önnur mörk þjóðgarðsins koma vitaskuld til greina, en ítrustu mörk hans þessu sinni er nauðsyn að tilgreina í lögnum og er það þá háð samningum við landeigendur og úrskurði í þjóðlendumálum, hversu nærri þeim verður komist. Framkvæmdavaldið er þá með sýslu sinni í þeim málum að vinna innan laga, sem Alþingi hefur sett. Bæta má síðar við þjóðgarðinn með lögum, ef svo sýnist.